

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 11. apríl 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umferðarlög (bílastæðagjöld), 307 mál.

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Samtökin eru alfarið mótfallin boðuðum breytingum án greiningar á skipulagi og samræmingu í gjaldtöku á ferðaþjónustu. Það er ólíðandi að stjórnlaus gjaldtaka af hálfu opinberra aðila geti viðgengist hér á landi og gildir þá einu hvort um bílastæðagjöld eða aðra innheimtu sé að ræða. Samtalið við stjórnvöld um fjármögnun og uppbyggingu innviða á sér stað á ýmsum sviðum og hefur tilkoma Stjórnstöðvar ferðamála vissulega eflað þetta samtalið. Raunveruleikinn er hins vegar sá að auknar álögur og gjaldtaka á greinina er það eina sem stjórnvöld leggja áherslu á að koma í framkvæmd án samtals eða samráðs við hagsmunaaðila og er það ámælisvert.

Samtökin hafa vissulega talað á þeim nótum að gjaldtaka sé eðlileg ef greitt sé hóflegt og sanngjarnt gjald fyrir virðisaukandi þjónustu á viðkomustöðum ferðamanna um landið. Hins vegar er það algerlega óásættanlegt ef stjórnvöld eða sveitarfélög ætla að nýta sér gjaldheimtu og skattheimtu í ferðaþjónustu, umfram samkeppnishæfni greinarinnar til að byggja upp aðra innviði og almannaþjónustu.

Samtökin kalla eftir samstarfi við samgönguráðherra og stjórnvöld um að fara í greiningar á þeim þáttum sem hér um ræðir og samræma framkvæmd bílastæðagjalda með það að markmiði að koma í veg fyrir að sett verði lög sem festa ferðaþjónustufyrirtæki í viðjum óþarfa gjaldtöku. Að því loknu er hægt að fara í ofangreindar breytingar á umferðarlögum.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og lýsa sig reiðubúin að ræða þetta mál nánar við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Virðingarfyllt
F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson